

## GJALDSKRÁ

### Norðurorku hf. fyrir hitaveitu.

#### 1. gr.

Norðurorka hf. selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Norðurorku fyrir heitt vatn. Gjaldskráin gildir á öllu orkuveitusvæði Norðurorku. Á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast virðisaukaskattur og önnur gjöld samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

#### 2. gr.

Norðurorka takmarkar allajafna ekki aðgang húsveitu að vatni umfram það er heimæð og veitukerfi gera. Þó er veitunni heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

#### 3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða eftirfarandi gjöld (allar veitur á veitusvæði Norðurorku hf. nema Ólafsfjörður og Reykjaveita):

#### A. *Vatnsgjald.*

Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns.  
Grunnverð kr. 100.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða ef vatnsmælir, húsveita eða annar búnaður bila þannig að mæling bregst, áætlað veitan vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hafi áhleypling eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar hefst innheimta samkvæmt gjaldskrá.

#### B. *Fastagjald.*

Norðurorka ákveður mælisstærð fyrir hverja húsveitu. Greiða skal fast gjald sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fast gjald fyrir hvern mæli:

<i>Mælir</i>	<i>Grunnverð kr./dag</i>
15 mm	54,02
20 mm	115,78
25 mm	223,84
32 mm	432,24
40 mm	879,93
50 mm	1.698,11

#### C. *Heimæðagjald.* Aðalheimæðar (allar veitur nema Reykjaveita):

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm heimæð	407.198
25 mm heimæð	513.588
32 mm heimæð	674.951
40 mm heimæð	923.911
50 mm heimæð	1.316.017
65 mm heimæð	1.947.750
80 mm heimæð	2.986.483

Tengigrindargjald er innifalið í heimæðagjaldi en sé óskað eftir auka tengigrind kostar hún kr. 52.555.

Ef heimlagngjald, þar með talið lengdargjald, stendur ekki undir kostnaði s.s. í frágengnu hverfi er heimæðagjald fyrir nýja eða stækkaða heimæð greitt samkvæmt kostnaðaráætlun eða raunkostnaði samkvæmt nánara samkomulagi við umsækjanda.

*Lengdargjald:*

1. Lengdargjald í dreifbýli er 4.603 kr./metra. Lengdargjald er greitt frá stofnlögn að tengistað heimæðar að frádregnum 20 metrum.
2. Lengdargjald í þéttbýli er 8.184 kr./metra. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 20 metra innan lóðarmarka.

Í sumarbústaði, frístundahús, vinnuskúra og þess háttar skal settur skápur á útvegg fyrir inntak heimlagngar samkvæmt nánari leiðbeiningum og skilmálum sem koma fram í heimlagngabæklingi.

Hafi áhleying eða tenging ekki átt sér stað einu ári eftir að heimlögn er tilbúin til tengingar hefst innheimta samkvæmt gjaldskrá.

Grunnverð fyrir sumarhús, frístundahús og sambærileg hús er fast gjald og lágmarksgjald sem samsvara gjaldi fyrir 300 m<sup>3</sup> af heitu vatni.

D. *Bráðabirgðaheimæðar:*

<i>Hitaveita</i>	<i>Grunnverð kr.</i>	<i>Lengdargjald kr./m</i>
20 mm	44.524	5.962
25 mm	44.524	5.962
32 mm	44.524	5.962

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra í heimæð til bráðabirgðatengingar.

Bráðabirgðaheimæðar skulu aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra.

4. gr.

*Ólafsfjörður.*

Fast gjald, tengigrind og heimæðagjald er innheimt samkvæmt almennri verðskrá Norðurorku.

Heitt vatn er selt eftir mínútulítrum og vatnsmælum.

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils kr. 1.381,08.

Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 61,20.

5. gr.

*Reykjaveita.*

Fast gjald og gjald fyrir tengigrind er innheimt samkvæmt almennri verðskrá Norðurorku.

Heitt vatn er selt eftir vatnsmælum sem mæla jafnt rúmmetrafjölda sem og hita á vatninu á inntaksstað (framrásarhita) og þar með er hægt að ákvarða kílóvattsstundagildi (kWh) þess vatns sem hver viðskiptavinur fær til afnota. Við ákvörðun kílóvattsstunda (kWh) er bakrásarhiti ákvarðaður með fast gildi sem er 25°C fyrir mæla setta upp 2011 og fyrr, en 30°C fyrir mæla setta upp 2012 og síðar.

Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 147,08 sé gjaldið samkvæmt rúmmetramælingu.

Vatnsgjald fyrir hverja kílóvattsstund (kWh) er kr. 3,47 sé gjaldið samkvæmt kílóvattsstundamælingu fyrir mæla með fast gildi bakrásar 25°C, en kr. 4,00 fyrir mæla með fast gildi bakrásar 30°C. Norðurorka hf. ákvarðar hvort gjald fyrir afnot af vatninu er samkvæmt rúmmetramælingu eða kílóvattsstundamælingu. Er við það miðað að meginreglan sé sú að greitt sé samkvæmt kílóvattsstundamælingu í Reykjaveitu.

*Heimæðagjald.*

*Grenivík:*

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm heimæð	536.112
25 mm heimæð	681.180

32 mm heimæð	901.197
40 mm heimæð	1.240.655
50 mm heimæð	1.775.109
65 mm heimæð	2.636.384

*Dreifbýli:*

<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm heimæð	690.559
25 mm heimæð	881.926
32 mm heimæð	1.172.254
40 mm heimæð	1.620.132

Tengigrindargjald er innifalið í heimæðagjaldi en sé óskað eftir auka tengigrind kostar hún kr. 52.555.

## 6. gr.

Innheimtugjald er samkvæmt gjaldskrá viðkomandi innheimtufyrirtækis samkvæmt samningi þar að lútandi.

	kr.
Lokunargjald	2.694
Mælaálestrargjald	1.886
Sedilgjald	189
Afgreiðslugjald á vinnutíma	4.207
Afgreiðslu- og opnunargjald utan vinnutíma	18.225

## 7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Norðurorku, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 159, 20. desember 2002 um stofnun hlutafélags um Norðurorku, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 2014 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Norðurorku hf. nr. 1167 frá 14. desember 2012.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. desember 2013.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Hreinn Hrafnkelsson.*